
Morgunblaðið

MENNING
LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 18. SEPTEMBER 1993 BLAÐ C

SÝNING Á VERKUM GUNNLAUGS BLÖNDAL OPNUÐ Á KJARVALSSTÖÐUM Í DAG



GULLIÐ AUGNABLIK



Morgunblaðið/Kristinn

„HANN var fálátur; stuttorður og gagnorður og gat því virkað hrokafullur, en var allra manna skemmtilegastur — og besti sögumaður sem ég hef hitt — kannski vegna þess að hann sagði sögur svo umbúðalaust.“ Þannig lýsir skáldið Kristján Karlsson fornvini sínum, Gunnlaugi Blöndal listmálara; þessum manni sem vekur undrun okkar sem erum fædd á röngum helmingi aldarinnar.

Menn lýsa Gunnlaugi þannig að sá grunur læðist að manni að hann hafi verið æði mótsagnakenndur; hann var einfari en mikill gleðimaður; hann var fámáll en manna skemmtilegastur; hann var ljúflingur í nánum samskiptum en óvæginn í umsögnum; hann var feiminn en ákaflega áberandi. Af myndum má sjá viðkvæmnislega drætti í kringum munninn, augnsvipurinn litríkur; brúnir hvassar, augun mild og hörð og svo djúp að hann virtist horfa á alla hluti úr löngum fjarska. Hann var ákaflega vinsæll málari, en átti fastan hóp fjandmanna, tilheyrði engum klíkum — hvorki listrænum né pólitískum — heldur sjálfum sér, köllun sinni og sköpunarþrá. Hann var ekki þjóðlegur, eins og aðrir málarar á hans tíma og þó málar hann íslenskt landslag á stundum og væri firra að telja Gunnlaug óþjóðlegan. Hann kynnti sér stefnur og strauma í listum víða um Evrópu; lærði í Noregi, Danmörku, Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu, en ánetjaðist engu, heldur valdi hugmyndir sem mótuðu mjög persónulegan og ákveðinn stíl; hreinan og litríkan, sterkan jafnvel í þeim myndum sem mildi hans leitar í litróf pasteltónanna. Hann var heimsborgari, án þess að þurfa einhvern félagsskap með því nafni. Hann var fyrst og fremst einstaklingur með útsýni yfir stóran heim — og þaðan vann hann.

